

Stofnun Reykjanesbær

B/t. Gunnar Kristinn Ottósson, skipulagsfulltrúi.

Varðar: Samantekt vegna stækkunar Sporthússins

Við Sporthúsið, Flugvallarbraut 701 stendur til að byggja viðbyggingu á tveimur hæðum að hluta sem hýsa á padelvöll, golfhermasvæði auk bílgeymslu / viðgerðarsvæði fyrir þjálfunartæki. Einnig verður aðkoma starfsmanna betrubætt auk útlitsbreytinga á austurhlið.

Nýbygging er samtals 679,2 m² að stærð. Gólfplötur eru 500,9 m² og efri hæð 178,3 m². Samtals verður húsnæði sporthússins 4756,0 m² eftir breytingar. Mesta hæð útveggja 9,5m, útveggur að Keilisbraut verður 9,03 m á hæð.

Tillagan gerir ráð fyrir að á Padelvelli verði að hámarki 4 að spila í einu og allt að 12 manns á golfhermasvæði. Bílgeymsla / viðgerðarsvæði þjónar einungis starfsemi Sporthússins. Hámarks fólksfjöldi í nýbyggingu sé því 16 manns.

Breytingar á austurhlið hússins snúast um að koma dagsbirtu inn í æfingasal og auka þannig vellíðan þeirra sem æfa í æfingasalnum. Þá verður baklýst skilti sett á gaflinn auk tveggja LED upplýsingaskjáa. Skjáirnir verði 2880x1920 mm að stærð. Staðsettir á austurhlið sem snúa að Grænásbraut. Ljós magn skuli ekki fara yfir 7.000 cd/m².

Aðkoma að bílastæði á Keilisbraut, starfsmannastæði og aðkomu að golfhermum, verði færð til vesturs, til móts við aðkomu að leikskóla við Keilisbraut. Tillagan geri ráð fyrir 26 bílastæðum, þar af einu bílastæði með þarfir hreyfihamlaðra í huga.

Einnig meðfylgjandi bréfi þessu er tillaga frá verkfræðistofunni Mannviki og malbik, að fjölgun bílastæða á aðkomuhlið (suð-vestur hlið) hússins.

Guðmundur Árni Þórðarson
Byggingafræðingur